



Bæjarstjórn Blönduósbæjar FUNDUR – 18. apríl 2007

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 11. fundar miðvikudaginn 18. apríl 2007 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Ragnar Ingi Tómasson ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 21. mars.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 2. apríl.
3. Fundargerð bæjarráðs frá 16. apríl.
4. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 28. febrúar.
5. Fundargerð fræðslunefndar frá 15. mars.
6. Fundargerð fræðslunefndar frá 2. apríl.
7. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 3. apríl.
8. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 4. apríl.

Í byrjun fundar afhenti Sigurlaug Markúsdóttir undirskriftalista þar sem mótmælt er ástandi þingbrautar. Forseti tók við undirskriftalistanum. Tók hann undir orð Sigurlaugar og tjáði að bæjaryfirvöld hefðu fullan skilning á að aðstæður væru óásættanlegar. Sagði forseti að óðum styttist í lagfæringar sem væntanlega færu fram í maí. Bráðabirgðalausn hefði töluverð fjárútlát í för með sér.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 21. mars.

Fundargerð 22. fundar bæjarráðs í 6 liðum frá 21. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum um fundargerðina loknum bar forseti hana upp og var hún samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

2. Fundargerð bæjarráðs frá 2. apríl.

Fundargerð 23. fundar bæjarráðs í 17 liðum frá 2. apríl sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Zophanías Ari Lárusson bað um að bókað sé að hann situr hjá við afgreiðslu 12. liðar d.e og f.

Jóna Fanney bað um að bókað sé að hún tekur ekki þátt í umræðum um lið 15. Fram kom tillaga frá forseta um að *"fresta afgreiðslu 15. liðar í fundargerðinni."*

Þá var lögð fram svohljóðandi tillaga vegna 15. liðar um ráðningu sviðsstjóra:
"Undirritaðir bæjarfulltrúar A og D-lista leggjum til að fram fari eðlilegt ráðningarferli við ráðningu á sviðsstjóra Blönduósbæjar og að afgreiðslu málsins verði frestað til næsta bæjarstjórnarfundar þar sem ekki liggur fyrir mat á hæfni einstaklinganna sem sækja um stöðuna. Auk þess hafa umsækjendur ekki verið boðaðir í viðtöl né haft samband við þá til að afla frekari upplýsinga um þá. Til að fyrirbyggja mistök í ráðningarferlinu er því rétt að fresta afgreiðslunni og að ráðningarferlið verði unnið í samræmi við réttindi og skyldur allra aðila sem að málinu koma." Undir tillögunum rita Ágúst Þór Bragason, Kári Kárason og Valdimar Guðmásson.

Bæjarfulltrúar E-lista óskuðu eftir því að svohljóðandi sé bókað:
"Við teljum tillöguna óþarfa þar sem fyrir liggur tillaga um frestun."

Þá var tillaga forseta um frestun afgreiðslu 15. liðar borin upp og samþykkt með 4 atkvæðum. 3 sátu hjá.

Þá bar forseti upp tillögu Ágústar, Kára og Valdimars. Hún var felld með 4 atkvæðum gegn 3.



Bæjarfulltrúar Á og D lista óskuðu eftir svohljóðandi bókun:

"Bæjarfulltrúar Á og D lista undrast afgreiðslu á tillögu okkar um að eðlileg málsmeðferð eigi sér stað við ráðningu sviðsstjóra hjá Blönduósbæ. Vinnubrögð E listans virðast bera það með sér að ekki er samstaða innan E-listans um það hvernig ganga eigi frá ráðningu sviðsstjóra. Slík átök mega ekki bitna á umsækjendum um störf hjá Blönduósbæ."

Þá gerði forseti að tillögu sinni að við lið 2 í fundargerðinni bættist við svohljóðandi:
"Jafnframt verði kannaðir möguleikar á innilaug."

Tillagan borin upp og samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

Þá bar forseti fundargerðina upp með áorðnum breytingum. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. Fundargerð bæjarráðs frá 16. apríl.

Fundargerð 24. fundar bæjarráðs í 8 liðum frá 16. apríl sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðnum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

4. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 28. febrúar.

Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 28. febrúar, í þremur liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð fræðslunefndar frá 15. mars.

Fundargerð fræðslunefndar í fjórum liðum frá 15. mars sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

6. Fundargerð fræðslunefndar frá 2. apríl.

Fundargerð fræðslunefndar í fjórum liðum frá 2. apríl sl. kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin þá borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

7. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 3. apríl.

Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 4. apríl kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin er í 11 liðum. Valgarður Hilmarsson óskaði eftir því að bókað sé að hann tekur ekki þátt í afgreiðslu 7unda liðar vegna skyldleika við málefnið.

Óskað var svohljóðandi bókunar:

"Bæjarstjórn lýsir yfir ánægju með umsóknir um byggingarlóðir og er einhugur í bæjarstjórn um að skipulagsmál hafi forgang í verkefnastöðu sveitarfélagsins."

Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

8. Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar frá 4. apríl.

Fundargerð skipulags-, byggingar- og veitunefndar í 7 liðum frá 4. apríl sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:11.

Valgarður Hilmarsson (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Kári Kárason (sign.)

Ragnar Ingi Tómasson (sign.)